

Sb.

389. Tillaga til þingsályktunar

um sérstakar launabætur embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins.

Frá ríkisstjórninni.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta greiða embættismönnum og öðrum starfsmönnum ríkisins, ríkisstofnana og sjálfseignarstofnana sérstaka uppbót á laun þeirra frá ríkinu eða ríkisstofnunum fyrir tímabilið 1. júlí 1943 til 31. des. s. á. eins og hér á eftir segir:

Á fyrstu 2400 kr. grunnlauna, ásamt verðlagsuppbót af þeirri fjárhæð, eins og hún verður á hverjum tíma, greiðast 30%.

Á þann hluta grunnlauna, sem er ofan við kr. 2400.00, og allt að kr. 10000.00, ásamt verðlagsuppbót, eins og hún verður á hverjum tíma, greiðast 25%. Uppbót þessi greiðist mánaðarlega.

Uppbót greiðist úr ríkissjóði eftir sömu reglum á tímakaup kennara, eftirlaun í fjárlögum og lífeyri úr lífeyrissjóðum embættismanna, barnakennara og ljósmæðra, svo og útborgað skrifstofufé og embættiskostnað, að undanskilinni húsaleigu og húsaleigustyrk.

Grunnlaun í tillögu þessari merkja laun, sem ríkissjóður og aðrir, er tillagan greinir, greiða verðlagsuppbót á samkvæmt lögum nr. 48/1942. Með verðlagsuppbót er átt við þá verðlagsuppbót, sem greidd er samkvæmt sömu lögum.